

Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú? Kacper Adam Figlarski
2. Hvað ertu gamall? 5 ára
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni? Já.
Mamma mín heitir Matgorzata. Pabbi minn heitir Alek. Ein systir mín heitir Karólína og hin heitir Sússa. Svo á ég bróðir sem er búinn að flytja og hann heitir David.
4. Hvað finnst þér gott að borða? Hafragraut og maccarónugraut.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Að leika.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Að lemja.
 - a. Ert þú stundum að lemja? Nei.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera? Ljón.
 - a. Af hverju ljón? Því þegar dýrin eru að fara að borða hin dýrin, þá kemur ljónið og bjargar þeim.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn? Svartur.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna? Krókódíl.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Fótboltamaður sem spilar í Póllandi. Í hvítum og rauðum bol.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag? Í göngutúr.
 - a. Hvert myndir þú vilja fara í göngutúr? Á Stokkseyri. Í skólan.
 - b. Hlakkar þig til að byrja í skóla? Já.
 - c. Af hverju? Það eru svo margir hólar þar.
 - d. Hvað gerir maður í skólanum? Maður teiknar, leikur sér, litar...
 - e. Þarf maður ekkert að læra í skólanum? Jú. Maður lærir að skrifa.
12. Af hverju er himininn blár? Svo að sólin og skýin geti verið þar.

